

FRÉTTA^{BLAÐ}

SIGLUFIRÐINGAFÉLAGSINS Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI

PÓSTHÓLF 8584 – 128 REYKJAVÍK

NÚMER 36 – 1. TBL. – MAÍ 2005

Messa og kaffi í Grafarvogskirkju 22. maí 2005



sm.: Björg Vigfúsdóttir

*Séra Vigfús Þór Árnason messar í Grafarvogskirkju
kl. 13:30. Kaffi í Safnaðarheimilinu kl. 15:00.
Fimm fyrrverandi prestar á Siglufirði koma.
Kórar Grafarvogskirkju og Siglufjarðarkirkju syngja.
ÓB kvartettinn frá Siglufirði skemmtir.
Sjáumst í Grafarvogskirkju
sunnudaginn 22. maí.*





ÚTGEFANDI:
SIGLFIRÐINGAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI.
RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
S. JÓNA HILMARSDÓTTIR

FRÁ RITSTJÓRA



Ágætu félagar.

Enn er komið vor og Fréttablað Siglfirðinga á Reykjavíkursvæðinu dettur inn um lúguna. Nú er árlegi Kaffidagurinn okkar framundan. Ákveðið var að breyta til og flytjast í Grafarvogskirkju til séra Vigfúsar. Þar er mjög góð aðstaða, næg bílastæði og aðgengi allt hið besta. Fjöldi Siglfirðinga býr í Grafarvoginum,

þar af mikið af ungu fólki sem vonast er til að fjölmenni ásamt öllum Siglfirðingum á Reykjavíkursvæðinu í Grafarvogskirkju 22. maí næstkomandi. Séra Vigfús tók mjög vel í þá hugmynd að lána kirkjuna á Kaffidaginn, en ákveðið var að hafa Siglufjarðarmessu á undan eða kl. 13:30 og kaffi kl. 15:00. Er það von okkar sem stöndum að félaginu að fólk verði ánægt með þetta. Kór Grafarvogskirkju syngur og ÓB kvartettinn kemur frá Siglufirði og skemmtir. Einnig hefur fimm fyrrverandi prestum á Siglufirði verið boðið og er von á þeim öllum. Boðið verður upp á barnagæslu í Grafarvogskirkju þennan dag svo öll fjölskyldan getur haft gaman af.

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. október. Var frekar fámennt en auðvitað góðmennt, sjá hér að neðan.

Félagið stóð fyrir haustskemmtun í október á skemmtistaðnum Players. Fullt var út úr dyrum, biðröð myndaðist fyrir utan staðinn um kvöldið og allir skemmtu sér vel.

Jólaskemmtun félagsins er alltaf vel sótt og orðin árlegur viðburður í desember.

Myndirnar í blaðinu tóku Steingrímur Kristinsson, Guðmundur Albertsson og Jóna Hilmarsdóttir.

Fjölmennum í Grafarvoginn sunnudaginn 22. maí.

Gleðilegt sumar!

S. Jóna Hilmarsdóttir
ritvinnsla@internet.is

Kaffidagurinn 2005 í Grafarvogskirkju 22. maí

Hinn árlegi Kaffidagur félagsins verður að þessu sinni í Grafarvogskirkju 22. maí. Messa hefst kl. 13:30 og kaffið hefst um kl. 15:00. Barnagæsla verður á staðnum. Allt meðlæti er vel þegið eins og venjulega. Siglfirðingar eru beðnir að koma kökum og öðru meðlæti í kirkjuna um kl. 13:00 sama dag.

Kaffinefndin

Aðalfundur 2004

Aðalfundur Siglfirðingafélagsins í Reykjavík og nágrenni var haldinn á Hótel Sögu 28. október 2004.

Mæting var ekki mikil en ýmislegt var rætt. Er þar fyrst að nefna að ársreikningar voru fram settir og samþykktir. Ávöxtun eigna félagsins hefur verið góð undanfarið ár og aukist mikið frá því sem áður var.

Næsta mál var flutningur Kaffidagsins úr Garðabæ í Grafarvog. Sitt sýndist hverjum en niðurstaðan var að flytja samkomuna. Ákveðið var að tala við séra Vigfús um að messa áður en kaffið hæfist. Talað



Fv. Guðmundur Stefán Jónsson, Jón Heimir Sigurbjörnsson, Raket Björnsdóttir, Jónas Skúlason, Þórunn Þorkeldsdóttir, Ólafur Baldursson og Magnús Pálsson. S. Jóna Hilmarsdóttir var líka á fundinum og tók myndina.

var um að mikið af ungu fólki byggji í Grafarvoginum og með þessum flutningi væri kannski auðveldara að fá unga fólk til að mæta.

Ekki var tekin nein ákvörðun um

haustfagnað eða árhátíð á árinu 2005. Var fundi síðan slitið.

Einnig hafa verið haldnir nokkrir stjórnarfundir á árinu.

Velkomin á Þjóðlagahátíðina 2005 Sagnir og ævintýri



Hátíðin verður haldin á Siglufirði dagana 6. til 10. júlí 2005

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Gumsteinn Ólafsson

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður haldin dagana 6.-10. júlí nk. Hátíðin er að þessu sinni helguð sögnum og ævintýrum.

Á setningartónleikum í Bátahúsinu 10. júlí verður flutt ítölsk tónlist frá tímum Tídægri eftir Boccaccio eða frá því um 1350. Á tónleikunum lesa Theodór Júlíusson og Jóhanna Vígdís Arnardóttir leikarar erótískar sögur úr Tídægri en Ensemble Unicorn frá Austurríki leikur lög á milli lestra á upprunaleg hljóðfæri. Hinn austurríski Einhyrningur er hljóm-sveit á heimsvísu: hann hefur leikið á tónlistarhátíðum víða um heim og gefið út geisladiska, m.a. hjá útgáfufyrirtækinu Naxos.

Á Þjóðlagahátíðinni verður komið víða við að venju. Renata Ivan píanóleikari mun frumflytja í heild sinni 18 hugleiðingar um íslensk þjóðlög úr safni sr. Bjarna Þorsteinssonar eftir Ríkarð Örn Pálsson og þá verða fluttir söngvar og slættir frá Ögðum í Noregi. Þá koma fram djasstríóið Flís, Kammerkór Norðurlands, Þjóðlagasveitin Islandica, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins undir stjórn Roberts Gutter frá Bandaríkjunum en einleikari með hljómsveitinni er Víkingur Heiðar Ólafsson. Þá flytur Hlöðver Sigurðsson tenór ásamt Antoniu Hevesi píanóleikara söngvaflokkinn Malarastúlkuna fögru eftir Franz Schubert í nýrri íslenskri þýðingu Guðmundar Hansen. Þá verður boðið upp á margháttuð tónlistar- og handverksnámskeið, bæði fyrir börn og fullorðna. Listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðar á Siglufirði er Gumsteinn Ólafsson.

Nánari upplýsingar um hátíðina er að finna á heimasíðu hennar: www.siglo.is/festival



Sparisjóður Siglufjarðar

styrkir útgáfu Fréttablaðs Siglufjarðingafélagsins

Sæll Ólafur, hvað segja Siglufjarðingar í dag? Er komið sumar?

Já já, sumarið er komið hingað, hvað annað? Snjórinn farinn og allt að springa út.

Hvernig kom það til að Sparisjóður Siglufjarðar ákvað að styrkja Siglufjarðingafélagið í Reykjavík eða útgáfu Fréttablaðs félagsins?

Sparisjóðurinn hefur alltaf stutt myndarlega við íþrótt- og menningarstarfsemi í Siglufirði, enda er það starfssvæði sjóðsins. Nú hafa fjölmargir Siglufjarðingar flutt suður, en halda eftir sem áður tryggð við Sparisjóðinn. Það má því segja að þetta sé leið Sparisjóðsins til að styrkja starfsemi brottfluttra Siglufjarðinga, sem eru margir hverjir í viðskiptum við Sparisjóðinn.

Eru margir brottfluttir Siglufjarðingar í viðskiptum við SPS?

Já, við erum alltaf að fá fleiri og fleiri viðskiptavinum að sunnan og þá aðallega brottflutta Siglufjarðinga og börn þeirra. Nú þegar eru mjög margir í viðskiptum. Með nútímataekni er ekkert mál að stunda alla bankastarfsemi á Netinu, með tölvupósti eða bara nota símann og slá á þráðinn. Í Reykjavík þarf fólk í mörgum tilfellum að taka sér frí hálfan daginn til að fara í bankann. Við



ekki afgreiðsla, skrifstofan er í Síðumúla 27, efstu hæð. Þar verður ráðinn starfsmaður, sem mun annast almenna bankaþjónustu utan afgreiðslu. Skrifstofan verður sameiginleg fyrir Sparisjóði Mýrasýslu, Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

höfum lagt áherslu á skjóta og góða þjónustu, sem okkar viðskiptavinum líkar mjög vel.

Nú er Sparisjóðurinn að opna starfsstöð á Reykjavíkursvæðinu



Ólafur Jónsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Siglufjarðar.



Frá starfsemi Sparisjóðsins. Guðrún Ólöf Pálsdóttir að þjónusta Kristin Georgsson.

ásamt Sparisjóði Mýrasýslu. Hvar verður hún og hvernig kom þetta til og hverju breytir það t.d. fyrir viðskiptavinum SPS sem búa á höfuðborgarsvæðinu?

Þetta verður í raun skrifstofa en

ar. Ástæðan er sú að við viljum hafa fastan samastað fyrir okkur og viðskiptavinum okkar. Þarna er fundaraðstaða, þannig að við getum tekið á móti viðskiptavinum okkar þegar við erum staddir í Reykjavík.

Hvernig gengur rekstur SPS í dag?

Reksturinn gengur mjög vel, á síðasta ári var hagnaður 64 milljónir og á árinu 2003 var hagnaður 26,3 milljónir. Síðan erum við með fjarvinnslu, með verkefni frá KB Banka og sparisjóðunum, svo að það starfa í heildina 33 starfs-

menn hjá Sparisjóðnum, þar af eru ekki nema sjö í bankastörfum. Með þessari starfsemi erum við einn af öflugustu vinnuveitendum á Siglfirði.

Að lokum þökkum við Óla fyrir og hvetjum alla félagsmenn Siglfirðingafélagsins til að beina viðskiptum sínum til Sparisjóðsins. Styrkur SPS hefur gríðarmikla þýðingu fyrir rekstur Siglfirðingafélagsins og gerir félaginu kleift að halda úti þróttmiklu starfi og vinna að málefnum félagsins sunnan heiða.



Ólafur Baldursson, formaður Siglfirðingafélagsins, þakkar fyrir styrkinn.



Frá undirritun sammingsins. Frá vinstri Sigurður Gunnarsson, Magnús Jónasson, Ólafur Baldursson, formaður Siglfirðingafélagsins, Ólafur Jónsson sparisjóðsstjóri og Jónas Skúlason, gjaldkeri Siglfirðingafélagsins

Undirritun sammingsins við SPS

Samningurinn við Siglfirðingafélagið var endurnýjaður í mars 2005 til eins árs í senn. Ólafur Baldursson formaður félagsins og Jónas Skúlason gjaldkeri gerðu sér ferð norður á Siglufjörð til undirritunar sammingsins.



Nefnd Menningarsjóðs Sparisjóðsins skipa, Ólafur sparisjóðsstjóri, Guðrún Arnadóttir og Hermann Jónasson.



Ólafur Jónsson sparisjóðsstjóri í ræðustól.

Skíðasvæði Siglufjarðar

Mikil og góð aðstaða er á skíðasvæði Siglfirðinga í Skarðsdal. Hafa Siglfirðingar notfært sér hana vel í vetur. Um nýliðna páska voru fleiri hundruð manns í fjallinu.

Steingrímur og „Lífið á Sigló“

Eins og margir þekkja hefur Steingrímur Kristinsson baldið úti vefnum „Lífið á Sigló“ um nokkurt skeið. Vefurinn er sannkölluð náma fróðleiks og skemmtunar, jafnt fyrir Siglfirðinga sem aðra landsmenn.

I stuttu spjalli við Steingrím á dögnum var hann spurður hvort alltaf væri nóg að gera, hvort það væri ekki viðamikil að koma þessu mikla myndasafni hans (og annarra) inn á tölvuvef, merkja og setja allt í röð og reglu?

Þetta er bara vinna og aftur vinna; vinna sem ég hefi gaman af og nýt fram í fingurgóma. Filmusafn mitt er yfir 400.000 myndarammer en aðeins um 30.000 á Netinu og ekki nema hluti af því „merktur“ með nöfnum, sumt „ómerkt“, það er jú líka tilgangurinn að leita eftir nöfnum hjá þeim sem skoða vefinn.

Færðu styrki frá bæjarfélaginu eða öðrum aðilum vegna vefsins?


Bæjarfélagið (bæjarstjórn) styrkir mig dyggilega, svo og Sparisjóðirnir, Siglufjarðar og Mýrasýslu, auk nokkurra annarra stuðningsaðila, sem eru með merki sín á forsíðu Lífsins á Sigló. Án þessa stuðnings væri þetta ekki hægt, með aðeins 110 þúsund í „ellilaun“ á mánuði. En ég hefi með þessum styrkjum vel fyrir útlögðum kostnaði.

Fer mikill tími í þetta hjá þér dags daglega?

Svona 10–15 tímar á dag, þegar eitthvað er um að vera.

Hefurðu fengið viðbrögð frá Siglfirðingum á Reykjavíkursvæðinu varðandi vefinn?

Siglfirðingar, staddir víðsvegar um heim, hafa reglulega samband



Þessa glæsilegu mynd af Siglfirði tók Steingrímur Kristinsson.

við mig, þó misjafnlega mikið. Viðbrögðin eru ávallt af hinu góða, svo og ýmis fyrirgreiðsla og spurningar, sem ekki kemur fram á sjálfum vefnum.



Hér er Steingrímur fyrir miðju ásamt frú sinni, Guðnýju Ósk Friðriksdóttur og Guðmundi Skarphéðinssyni, á góðri stundu í Bátahúsinu á Siglfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ

Á vef Steingríms • www.sksiglo.is
er tengill þar sem þú getur nálgast fréttir
frá Siglfirðingafélaginu í Reykjavík

www.sksiglo.is

Sígló

Eðalárgangurinn 1955

ætlar að hittast á Siglufirði helgina 8.-10. júlí 2005

Vinsamlegast ...

Staðfestið komu ykkar sem allra allra fyrst til neðangreindra eðalkvenna. Allar hugmyndir að skemmtilegri helgi vel þegar.

Upplýsingar:

Jóna Hilmars: ritvinnsla@internet.is

Dóra Jónasar: dora@merkismenn.is

Stína Hjörleifs: kristinhjorleifs@hotmail.com



Hinn síunggi samfélagsklubur árgangs 1955
metur að sjálfsögðu, bress og kátur að vanda

Ert þú með?

Maðdömuhús á Siglufirði



Um þessar mundir fer fram lokað útbod innra byrðis Maðdömuhússins þar sem Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar verður til húsa. Vonast er til þess að framkvæmdir hefjist strax að útbóði loknu og að þeim ljúki eftir rúmt ár. Ætlunin er að opna Þjóðlagasetrið fullbúið á Þjóðlagahátíðinni sumarið 2006 á 100 ára afmæli hinnar merku bókar séra Bjarna, Íslensk þjóðlög.

minningar
um liðna tíð
á Sígló

Sparisjóður Siglufjarðar

Elsta starfandi peningastofnun landsins

– stofnuð 1. janúar 1873

Veitir alla almenna bankþjónustu

- ◆ Traustur banki og einn af undirstöðunum í siglfirsku atvinnulífi, með 33 starfsmenn í vinnu. Starfsfólk sparisjóðsins leggur metnað sinn í að veita góða og umfram allt persónulega þjónustu.
- ◆ Sparisjóðurinn er aðalstyrktaraðili Siglfirðingafélagsins og einn af öflugustu styrktaraðilum íþróttá- og menningarlífs á Siglufirði.
- ◆ Sparisjóður Siglufjarðar býður Siglfirðinga nær og fjær sérstaklega velkomna í viðskipti. Hafðu samband og kynntu þér kosti þess að skipta við Sparisjóðinn.



Sparisjóður Siglufjarðar
www.sps.is
Sími 460 1900